

Félag eldri borgara á Akureyri

Fundargerð aðalfundar 30. mars 2016

1. Mál - Setning aðalfundar.

Sigurður Hermannsson formaður Félags eldri borgara á Akureyri bauð fundarmenn velkomna í Bugðusíðu 1 á aðalfund félagsins 2016. Hann sagði m.a.

„Hvað er það sem fær okkur til þess að ganga í félag eldri borgara? Er það ekki m.a. hinn félagslegi þáttur sem við sækjumst eftir? Einhverstaðar stendur „maður er manns gaman.“ Einnig ábyggilega það að geta lært eitthvað eða taka þátt í starfsemi sem veitir okkur bæði félagsskap, skemmtun og fræðslu. Við erum líka í þessum félagsskap til þess að gera okkur síðari hluta ævi okkar sem fjölbreytilegastan og hafa gaman hvert af öðru og gera ef til vill það sem okkur hefur lengi langað til en ekki haft tíma eða tækifæri til.“

Þá bað formaður fundarmenn að rísa úr sætum og minnst þannig látinna féлага okkar frá aðalfundi 2015.

Þá ræddi formaður um lögmati fundarins og tók fram að aðeins félagsmenn gætu tekið þátt í þeim kosningum sem fram færu á fundinum.

2. Mál – kosning starfsmanna fundarins.

Formaður bar fram tillögu stjórnar um starfsmenn fundarins en tilnefndir eru: fundarstjóri, Baldvin Bjarnason og ritarar Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen. Aðrar tillögur komu ekki fram og tillaga stjórnar því samþykkt samhljóða. Formaður sagði aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri 2016 settan og starfsmenn fundarins tóku til starfa.

3. Mál – Skýrsla stjórnar (frá aðalf. 2015 til aðalf. 2016)

Formaður félagsins Sigurður Hermannsson flutti skýrslu stjórnar og eru hér rakin helstu atriði hennar.

a) Stjórn félagsins.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfstímanum milli aðalfunda 2015-2016: Formaður Sigurður Hermannsson, varaformaður Guðbjörg Bjarman, ritari Halldór Gunnarsson, gjaldkeri Gestur Jónsson og meðstjórnendur Karl E. Steingrímsson, Arnheiður Kristinsdóttir og Anna G. Thorarensen. Varamenn: Kolbrún Kristjánsdóttir, Aldís Björnsdóttir og Hjálmar Freysteinnsson.

18 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfstíma stjórnarinnar þ.e. frá aðalfundi 2015 til aðalfundar 2016. Ýmsa aðra fundi sat stjórnin eða hluti stjórnar.

b) Nefndir félagsins.

Stærsti hluti starfs félagsins er á vegum hinna ýmsu nefnda. Eftirtaldir nefndir starfa á vegum félagsins: skemmtinefnd, kaffinefnd, göngunefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd og spílanefndir a) félagsvist og b) keppnisbridge. Formenn/talsmenn nefnda flytja

skýrslur um starfsemi nefndanna samkvæmt dagskrá fundarins og því er ekki fjallað um starf þeirra í skýrslu stjórnar.

Þá er starfandi uppstillingarnefnd sem kosin er á hverjum aðalfundi að tillögu stjórnar.

Í nóvember 2015 bauð félagið upp á þúttámskeið í Íþróttahöllinni í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar. Alls tóku 46 félagar þátt í þúttinu. Vonandi þróast þetta enn frekar og festist í sessi.

Stjórn félagsins þakkar nefndunum öllum fyrir gott og öflugt starf á starfstímanum milli aðalfunda 2015 og 2016.

c) Viðvera stjórnarmanna á skrifstofu félagsins.

Viðvera stjórnarmanna á skrifstofu félagsins í Bugðusíðu hófst haustið 2007 og hefur stjórnin haldið þeirri þjónustu við félagsmenn áfram. Hlé er gert á viðveru yfir sumarið þ.e. í júní, júlí og ágúst. Stjórnarmenn skiptast á um að vera við á skrifstofu félagsins á milli kl. 14 og 16 á miðvikudögum (var til síðustu áramóta á fimmtudögum) til skrafs og ráðagerða, skrá nýja féлага o.s.frv.

d) Lokun félagsmiðstöðvanna yfir sumarið.

Lokun félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi yfir sumartímann þ.e. júní, júlí, ágúst og fram í byrjun september hefur félaginu þótt alltof löng. Þetta hefur verið rætt við bæjaryfirvöld en lítinn árangur borið. Til að milda þessa löngu lokun hefur félagið haft opið á miðvikudögum eftir hádegi fyrir frjálssa spílamennsku í Bugðusíðu. Lokað er í júlí. Sigurveig Einarsdóttir hafði umsjón með þessu verkefni og henni til aðstoðar var Árdís Sigvaldadóttir. Stjórn félagsins þakkar þeim Sigurveigu og Árdísi fyrir gott starf. Ný stjórn þarf að ákveða sem fyrst hvernig þessu verður háttað sumarið 2016.

e) Landsfundur LEB.

Landsfundur Landssambands eldri borgara (LEB) var haldinn í Kópavogi 5. og 6. maí 2015 en hann er haldinn annað hvert ár. Fulltrúar félagsins á landsfundinum voru stjórnarmennirnir Arnheiður, Halldór, Karl og Sigurður en félagið átti rétt á 4 fulltrúum.

Þann 26. apríl n.k. verður haldinn formannafundur LEB í Mosfellsbæ.

Gera má ráð fyrir að kjara og réttindamál okkar verði þar efst á baugi eins og á síðasta landsfundi FEB. Ennþá hefur ríkisstjórnin ekki orðið við réttmætum kröfum um eðlilegar kjarabætur til eldri borgara í samræmi við hækkanir lægstu launa.

f) Öldungaráð Akureyrarkaupstaðar.

Öldungaráð Akureyrarkaupstaðar var formlega stofnað með samþykkt bæjarráðs á samþykktum fyrir öldungaráðið á fundi sínum 9. júlí 2015.

Ráðið er skipað 5 fulltrúum. Tveimur frá bærarstjórn Akureyrar og þremur aðilum frá Félagi eldri borgara á Akureyri. Fulltrúar Akureyrarbæjar eru Dagbjört Pálsdóttir, formaður og Gunnar Gíslason. Varamaður er Guðmundur Baldvin Guðmundsson.

Fulltrúar félagsins eru Sigurður Hermannsson, varaformaður, Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen. Varamaður er Arnheiður Kristinsdóttir.

Fyrsti fundur ráðsins var haldinn 3. febrúar 2016 og hafa þegar verið haldnir 3 fundir. Á fund nr. 2 komu fulltrúar frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Búsetudeild Akureyrarbæjar (heimaþjónustan) og Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og kynntu þeir starfsemi þessara stofnana.

g) Samráðsfundir félagsins og Akureyrarbæjar.

Engir formlegir samráðsfundir voru haldnir með fulltrúum félagsins og Akureyrarbæjar á starfsárinu um málefni sem snerta rekstur félagsmiðstöðvanna og önnur tengd málefni. Fundir hafa hins vegar verið haldnir með stjórnendum félagsmiðstöðvanna þar sem rætt hefur verið um starfið í félagsmiðstöðvunum, húsnæðismál í Bugðusíðu 1. og fleira.

h) Þing um „farsæla öldrun.“

Þing um „farsæla öldrun“ var haldið í Háskólanum á Akureyri 18. maí 2015. Þingið var samstarfsverkefni Félags eldri borgara á Akureyri, Öldrunarráðs Íslands, Akureyrarbæjar, Háskólans á Akureyri, Velferðar ráðuneytisins og Landssambands eldri borgara.

Á þinginu störfuðu um 60 manns sem voru þverskurður af okkar aldurshópi ásamt aðilum sem starfa í þjónustu við aldurshópinn 60+. Niðurstöður þingsins voru síðan birtar í 34 síðna skýrslu.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

1) Að vera frjáls eins og fuglinn.

Elliárin eru að mati fundarmanna kærkominn tími til að setja sjálfan sig í fyrsta sæti. Gott sé að geta ráðið sínum tíma sjálfur og njóta lífsins á sinn eigin hátt.

2) Væntingar samfélagsins tvíþættar.

Væntingar samfélagsins til aldraðra eru annars vegar að aldraðir leggi sitt af mörkum og séu gegnir þjóðfélagsþegnar og hins vegar að þeir þvælist ekki mikið fyrir og geri sem minnstar kröfur. Fundarmenn telja væntingar samfélagsins til aldraðra almennt ekki miklar.

3) Að njóta virðingar sem þjóðfélagsþegnar.

Fundarmenn telja að samfélagið eigi að meta aldraða að verðleikum og líta á þá sem auðlind. Vinna þurfi gegn aldursfordómum og minnka neikvæðni í garð þeirra. Koma eigi fram við þá sem einstaklinga en ekki sem einsleitan hóp. Samfélagið eigi ekki að flokka fólk eftir aldri. Fundarmenn telja mikilvægt að aldraðir haldi fullri reisu.

4) Rödd aldraðra fái að heyrast.

Mikilvægt er talið að hlustað sé á rödd aldraðra og þeir spurðir álits um þau mál sem að þeim snúa. Hlusta þurfi á óskir þeirra og þarfir og taka mark á þeim. Fundarmenn nefndu mikilvægi þess að hafa starfandi Öldungaráð og að Alþingi lögfesti umboðsmann aldraðra.

5) Fjárhagslegt öryggi og sjálfstæði.

Fundarmenn eru sammála um mikilvægi þess að öldruðum sé tryggt fjárhagslegt sjálfstæði þannig að þeir upplifi sig örugga og geti átt áhyggjulaust ævikvöld. Stjórnvöld eigi að bæta stöðu aldraðra á hverjum tíma.

6) Heilsutengd lífsgæði.

Fundarmenn telja góða heilsu - líkamlega, andlega og félagslega lykilinn að því að geta notið þess sem ellin hefur upp á að bjóða. Mikilvægt sé að hlúa að heilsunni og undirbúa sig fyrir ellina. Samfélagið eigi að leggja meiri áherslu á forvarnir.

7) Að taka ábyrgð á eigin hamingju:

Liður í farsælli öldrun er að mati fundarmanna að fagna hverju nýju ári með þakklæti og vera sáttur við sjálfan sig, lífið og lífshlaupið. Mikilvægt sé að tileinka sér jákvætt viðhorf til lífsins, vera virkur þátttakandi í lífinu og takast á við nýjar áskoranir. Hafa eitthvað sem fangar hugann á jákvæðan hátt hvern dag og halda sér ungum í anda og athöfnum. Einnig að taka ábyrgð á eigin heilsu og taka breytingum með æðruleysi.

Boðað var til kynningar á skýrslunni í Háskólanum á Akureyri 13. nóvember 2015 eftir að hún kom út þar sem fengnir voru m.a. fimm fyrirlesarar til að tjá sig um efni skýrslunnar og hvað fælist í orðinu „Farsæl öldrun.“

Skýrslan í heild er áhugaverð og er fólk hvatt til að kynna sér hana.

i) Viðhorfskönnun kassanefndar félagsins (skýrsla stjórnar).

„Kassanefndin“ lauk störfum á starfsárinu með því að kynna á félagsfundi niðurstöður viðhorfskönnunar sem fram fór á árinu 2015. Á kynningarfundinum sem haldinn var í febrúar var fundarmönnum skipt upp í umræðuhópa sem ræddu m.a. um niðurstöður könnunarinnar og hugmyndir að nýjum verkefnum í starfi félagsins.

Allar niðurstöður og nýjar hugmyndir eru nú komnar til viðkomandi nefnda og stjórnar til frekari úrvinnslu.

j) Lagabreytingar.

Stjórn félagsins leggur fram á aðalfundinum tillögur um breytingar á lögum félagsins m.a. vegna nýstofnaðs öldungaráðs. Þá var tækifærið notað og löggin slípuð til með tilliti til þess sem betur má fara.

k) Samningaviðræður félagsins og Akureyrarbæjar.

Hinn 29. júní 2015 barst félaginu bréf frá Akureyrarbæ þar sem bærinn segir upp samstarfssamningi við félagið sem undirritaður var 11. apríl 2008 og tók gildi 1. janúar 2009. Samningurinn felur m.a. í sér rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu, félagsstarfið þar og fleira. Óskað var eftir að viðræður um nýjan samning hæfust sl. haust og yrði lokið fyrir áramót. Félagið skipaði um haustið þriggja manna samninganefnd sem í eiga sæti Gestur Jónsson, Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen. Lítið gerðist í málinu á síðasta ári og óskaði stjórn félagsins þess vegna eftir því við samfélags- og mannréttindaráð, sem fer með samningsumboð Akureyrarbæjar, að menn gæfu sér þetta ár (2016) til að klára samningana. Þessu var hafnað að hálfu nefndarinnar sem gaf frest til loka apríl á þessu ári.

Á fundi stjórnar félagsins 1. mars 2016 var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Stjórn Félags eldri borgara á Akureyri lýsir yfir vonbrigðum sínum með fyrirhugaðar breytingar á rekstri félagsþjónustu fyrir eldri borgara í Bugðusíðu með því að skerða þjónustu og fækka stöðugildum þar.

Það er skoðun stjórnarinnar að með stöðugri fjölgun eldri borgara í sveitarfélaginu sé það öfug þróun að draga úr þjónustu sem þegar er veitt til eldri borgara. Með þessum áætluðu breytingum er hætt við að félagsleg einangrun aukist og einnig lýðheilsuvandamál eldri borgara.

Stjórnin óskar þess að þessar hugmyndir verði endurskoðaðar og ræddar í öldungaráði Akureyrarbæjar áður en lengra verður haldið.“

Við þessu var orðið og var boðað til fundar í Öldungaráðinu 14. mars s.l. þar sem þessi mál voru rædd frekar. Samningaviðræður standa yfir og er gert ráð fyrir að þeim ljúki í apríl.

l) Ný félagsskírteini.

Félagið fjárfesti í prentara á árinu 2015 m.a. til að prenta ný félagsskírteini sem nú eru gerð úr plasti. Landsbankinn styrkti félagið að upphæð kr. 50.000 við þessi kaup. Gjaldkeri félagsins Gestur Jónsson sá um prentun þessara nýju félagsskírteina og þakkar félagið honum góða vinnu fyrir félagið. Nýju félagsskírteinin gilda til ársloka 2019.

m) Heimasíða félagsins (ebak.is).

Heimasíða félagsins hefur nú verið í notkun í rúm tvö ár. Mikil vinna er við að halda utan um uppfærslu hennar og hefur sú vinna verið unnin fyrst af Halldóri Gunnarssyni og síðan fékk hann Önnu G. Thorarensen í lið með sér. Þeim er þökkuð góð vinna fyrir félagið. Þá þakkar félagið Stefnu hugbúnaðarhúsi ehf fyrir gott samstarf.

Stjórnin hvetur þá félagsmenn sem hafa áhuga á að koma að innsetningu á efni og viðhalda þar með heimasíðunni að gefa sig fram við stjórn félagsins.

Ýmis mál.

a) Á síðasta ári var starfandi valnefnd á vegum samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar til að velja einstaklinga og fyrirtæki sem veita ætti viðurkenningar fyrir framúrskarandi æskulífs- og tómstundastarf eins og gert hefur verið sl. tvö ár. Formaður félagssins sat í þessari valnefnd fyrir hönd stjórnar. Félagið gekk frá sínum tilnefningum en síðan dagaði málið uppi af hálfu bæjarins sem stjórn félagsins finnst miður.

b) Í september 2015 komu Haukur Ingibergsson formaður LEB og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrrverandi formaður í heimsókn á almennan félagsfund. Þau gerðu grein fyrir helstu málefnum sem landssambandið vinnur að um þessar mundir. Jóna Valgerður gerði sérstaklega grein fyrir stöðu á endurskoðun laga um sjúkratryggingar. Fundurinn var mjög vel sóttur.

c) Á stjórnarfundum 15. september 2015 var samþykkt að fela Halldóri Gunnarssyni og Gesti Jónssyni að vinna að gerð starfslýsinga fyrir allar nefndir félagsins í samvinnu við þær. Í lögum félagsins frá 2015 er ákvæði um að þetta skuli gert. Hér er um þarft verk að ræða sem ætti að hjálpa nefndunum að sinna sínu hlutverki og auðvelda nýjum aðilum að koma inn í nefndirnar. Þessu verki er nú að ljúka og eiga þeir félagar og fulltrúar nefndanna þakkir skyldar fyrir að koma þessu í framkvæmd.

d) Á aðalfundi 2015 var tveimur tillögum vísað til stjórnar til frekari afgreiðslu. Tillaga frá Sveini Sigurbjörnssyni um að allir félagar 90 ára og eldri skuli gerðir að heiðursfélögum og vera gjaldfrjálsir. Við samantekt stjórnar á fjölda þessara aðila kom í ljós að hér er um 60 manns að ræða. Það er niðurstaða stjórnar, að ekki sé grundvöllur vegna gjaldfellingar á orðinu heiðursfélagi og tekjutaps fyrir félagið að mæla með þessari tillögu. Það hefur hins vegar verið stefna stjórnar að ganga ekki hart fram í innheimtu árgjalds hjá elsta aldurshópnum og hjá fólki sem vitað er um að á í erfiðleikum.

Hin tillagan kom frá Birni Sigmundssyni en hún fólst í því að endurnýja þurfi hljóðnema og athuga með hljóðkerfið í salnum í Bugðusíðu 1. Stjórn félagsins samþykkti að leita til Björns um ráðgjöf í þessum efnum. Að hans tillögu keypti félagið tvo vandaða hljóðnema og er annar þeirra handfrjáls. Ræða þarf við fulltrúa Akureyrarbæjar um rétta staðsetningu hátalaranna í salnum.

e) Á stjórnarfundum 2. febrúar 2016 var samþykkt að leggja til við aðalfund félagsins að veita Hollvinasamtökum Sjúkrahússins á Akureyri fjárstyrk að upphæð kr 1.000.000. Haft var samband við formann samtakanna og er samkomulag um að peningarnir verði nýttir til kaupa á tæki fyrir hjartadeildina. Um er að ræða búnað til mælinga á ástandi hjartans og meta æðaprengsli, þ.e. bretti, tölva og búnaður því tengdu. Þessi búnaður kostar um kr. 2.500.000. Hollvinasamtökin munu leggja til það fé sem á vantar.

f) Á stjórnarfundum 5. janúar 2016 var Hjálmar og Sigurði falið að móta tillögu að ályktun þar sem félagið mótmæltir fyrirhuguðum niðurskurði á Kristnesi sem snertir m.a. endurhæfingu eldri borgara. Á stjórnarfundum 19. janúar 2016 var samþykkt ályktun til framkvæmdastjórnar Sjúkrahússins á Akureyri þar sem fyrirhuguðum niðurskurði var harðlega mótmælt.

g) Á fundi stjórnar 23. mars 2016 var samþykkt tillaga um að veita kórnum „Í finu formi“ kr. 200.000 í styrk í tilefni af 30 ára afmæli kórsins á árinu. Ekki verður um frekari styrkveitingu til kórsins að ræða á tímabilinu milli aðalfunda.

h) Rekstur félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi og þar með tengsl félagsins við Akureyrarbæ var á árinu 2015 fluttur frá búsetudeild til samfélags- og mannréttindadeildar. Anna Karen Úlfarsdóttir lét af störfum sem deildarstjóri yfir félagsmiðstöðvunum. Eygló Antonsdóttir tók við því starfi en Bergljót Jónasdóttir er tengiliður félagsins við bæjarkerfið vegna tómsundastarfs. Sigríður Stefánsdóttir er framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar og er jafnframt jafnréttisfulltrúi bæjarins. Stjórn félagsins þakkar starfsfólki félagsmiðstöðvanna og þeim bæjarfulltrúum sem félagið hefur átt samskipti við fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum áum.

i) Í lok umfjöllunar um skýrslu stjórnar sagði Sigurður formaður þetta:

Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum og öllum nefndarmönnum ásamt þeim sem hafa komið að starfsemi fyrir félagið á síðasta ári kærar þakkar fyrir mjög ánægjulegt samstarf.

Þá vil ég þakka þeim sem nú eru að hætta störfum í stjórn og nefndum fyrir gifturíkt starf. Úr stjórn fara Sigurður Hermannsson, Guðbjörg Bjarmann, Karl E Steingrímsson, Anna G. Thorarensen og Hjálmar Freysteinnsson, úr göngunefnd Kolbrún Kristjánsdóttir, Hulda Eggertsdóttir, Karl Jörundsson og Aldís Björnsdóttir, úr ferðanefnd Guðrún Bjarnadóttir, úr uppstillinganefnd Sverrir Valdimarsson og Rafn Gunnarsson, úr fræðslunefnd Guðmundur Ómar Guðmundsson.

Að lokum vil ég þakka ykkur kærlega félagsmenn sem nú eruð um 1200 fyrir samstarfið þessi þrjú ár og hafið treyst mér fyrir að leiða starfið í félaginu. Einnig þakkar til allra þeirra sem ég hef átt samstarf við vegna starfa minna fyrir félagið.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

4. Mál - Reikningar ársins 2015.

Gjaldkeri félagsins Gestur Jónsson fór yfir reikninga félagsins fyrir almanaksárið 2015 sem voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga. Í áritun skoðunarmanna segir svo: Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Félags eldri borgara á Akureyri höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2015. Við höfum gjört þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar svo sem sannreynt innstæður á bankareikningum, verðbréfaeign o.fl.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 4.185.992 og rekstrargjöld kr. 3.423.090. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði er því kr. 762.902. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 801.822. Hagnaður af verðbréfaeign er kr. 76.241. Hagnaður ársins er því kr. 1.640.965.

Rekstrartekjur eru félagsgjöld kr. 2.870.979, tekjur af félagsvist kr.284.777, styrkur frá Akureyrarbæ kr. 980.236 og styrkur frá Landsbankanum kr. 50.000.

Helstu rekstrargjöld eru vegna auglýsinga félagsins í fjölmiðlum kr. 798.121, styrkir til (göngunefndar, ferðanefndar og kórsins (Í fínu formi) kr. 701.000 og félagsgjöld til Landssambands eldri borgara (LEB) kr. 671.000.

Ein fyrirspurn barst um reikningana. Spurt var um fjárfestingastefnu félagsins vegna þess sjóðs sem félagið á vegna sölu eigna frá fyrri tíð. Gjaldkeri félagsins svaraði því að engin fjárfestingastefna hefði verið mótuð. Reynt væri að ávaxta sjóðinn sem best á hverjum tíma. Reikningarnir voru síðan bornir undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

5. Mál – Skýrslur nefnda félagsins.

Skýrslur nefnda miðast við starfsemi þeirra milli aðalfunda félagsins 2015-2016.

a) Skýrsla skemmtinefndar - flytjandi Björg Dagbjartsdóttir.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu skemmtinefndar.

Nefndina skipuðu eins og síðustu tvö ár, formaður Birgir Sveinbjörnsson, varaformaður Björg Dagbjartsdóttir, gjaldkeri Páll Gíslason, ritari Erna Tuliníus, meðstjórnendur Ásta Axelsdóttir, Svava Karlsdóttir og Sveinn Sigurbjörnsson.

Verkefni nefndarinnar voru að standa fyrir árshátíð Félags eldri borgara á Akureyri, halda vorhátíð með aðstoð kaffinefndar og halda í samstarfi við ferðanefnd, jólagleði sem fólst í ferð í Hótel Sel í Mývatnssveit, þar sem var gist og glímt við jólahlaðborð ásamt skemmtiatriðum. Þá hélt nefndin nokkur kráarkvöld í Bugðusíðu 1 þar sem fólk kom saman, dansaði og skemmti sér. Nefndin hélt 12 formlega fundi á starfsárinu og nokkra óformlega til að undirbúa viðburði. Auk þess mættu fulltrúar úr nefndinni fyrir hennar hönd á nokkra aðra fundi.

Viðburðir voru í öllum starfsmánuðum þ.e. frá september til apríl. Vorhátíðin var síðasta laugardag í apríl.

Kráarkvöldin hafa verið vinsæl og nánast húsfullir hvert sinn. Aðrir viðburðir nefndarinnar hafa verið vel sóttir svo að reksturinn hefur staðið vel undir sér.

Uppbrotstriði sem jafnan eru í hálfleik á kráarkvöldum hafa að mestu verið í höndum nefndarinnar en aðkeypt fólk hefur komið við sögu á vorhátíð og árshátíð. Áformað er að á næsta starfsári verði haldið áfram að vinna á svipuðum nótum.

b) Skýrsla ferðanefndar - flytjandi Hulda Eggertsdóttir.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu ferðanefndar.

Nefndina skipuðu formaður Hulda Eggertsdóttir, varaformaður Hákon Hákonarson, ritari Karl Jörundsson, gjaldkeri Guðrún Bjarnadóttir, meðstjórnendur Karl E Seingrímsson, Kolbrún Kristjánsdóttir og Rafn Sveinsson.

Fyrsta ferð nefndarinnar var Leikhúsferð í Freyvangsleikhúsið þann 10. apríl 2015.

Næst var utanlandsferð til Benidorm á Spáni og gist á hótél Melía. Góð ferð skiplögð af Heimsferðum.

Stóra innanlandsferðin sem tók 4 daga var farin um Austurland og gist á Hótél Svartaskógi.

Þá var farin 2ja daga ferð um Húnavatnssýslur og gist eina nótt á Laugabakka í Miðfirði. Farin var dagsferð um Tröllaskaga þann 19. ágúst, ýmislegt skoðað og snæddur hádegisverður á Hótél Sigló.

Haustferðin til útlanda var farin til Gran Canaria í beinu flugi frá Akureyri dagana 4.-25. október. Með í för var hjúkrunarfæðingur Ingibjörg Ingimundardóttir.

Heimsferðir sáu alfarið um skipulagningu ferðarinnar og fengum við okkar frábæru farar- og skemmtanastjóra hjónin Önnu Leu og Bróa.

Ásamt skemmtinefnd sáum við um skipulagningu á ferð (jólahaðborð), sem farin var í Mývatnssveit 1.-2. desember. Gist var á Hótél Seli og þar snætt ótrúlega flott jólahaðborð og ýmislegt sér til gamans gert.

Flestar ferðinar standi undir sér fjárhagslega og hafa fararstjórnarnir góða yfirsýn yfir fjármálin og skila uppgjöri til gjaldkera eftir hverja ferð.

Nefndin hélt 15 bókaða fundi á tímabilinu fyrir utan ómældan fjölda símafunda.

Þann 8. mars 2016 hélt nefndin ferðakynningu á ferðum næsta starfsárs í Bugðusíðu.

Um 180 manns komu á kynninguna. Nefndin þakkar stjórn félagsins fyrir dyggan stuðning við starf nefndarinnar.

c) Skýrsla spilanevndar í félagsvist - flytjandi Gunnar Jóhannsson.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu spilanevndar í félagsvist.

Nefndina skipuðu, formaður Gunnar Jóhannsson, Ragna Aðalsteinsdóttir og Magnús Kristinsson.

Alls um 1600 hundruð manns komu að spila hjá nefndinni á síðasta ári. Spilað var 26 sinnum á fimmtudagskvöldum. Afgangur af rekstri nefndarinnar kr. 284.777 var færður í sjóð félagsins (sjá reikninga). Að loknum aðalfundi félagsins 2016 ráðstafar nefndin þeim tekjum sem hún aflar m.a. í hækkun á verðlaunafé o.fl. Þá þarf nefndin að greiða sjálf kostnað vegna auglýsinga og annað sem til fellur í starfi hennar.

d) Skýrsla spilanevndar í keppnisbridge - flytjandi Jóhannes Sigvaldsson.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu spilanevndar í keppnisbridge.

Nefndina skipuðu Jóhannes Sigvaldson og Karl Jörundsson.

Spilakeppni í bridge hefur verið hjá Félagi eldri borgara á Akureyri síðan 2007.

Í fyrsta mótið skráðu sig 10 pör eða 20 manns. Í fyrra spiluðu enn 4 af þeim sem hófu þessa keppni 2007 og nú eru þrír enn að spila. Mikið til sama fólkið spilar hér allan veturinn og endurnýjun er ekki mikil. Eldri spilamenn sem fara á eftirlaun koma þó gjarnan og bætast í hópinn og í vetur hafa í heild verið nokkuð fleiri að spila en fyrr. Í fyrsta skipti í vetur var spilað í tvö skipti á átta borðum og nokkrum sinnum hafa þau verið sjö.

Í ár verða spiladagar 27. Byrjað var á liðnu hausti 17. september og síðast spilað fyrir júl 10. desember. Aftur var byrjað á nýju ári 14. janúar. Ferðakynning er ekki lengur á fimmtudegi og aðalfundir eru heldur ekki haldnir á fimmtudögum. Vil ég þakka stjórn félagsins fyrir að haga þessu svona.

Frá upphafi hefur alltaf verið spilað á fimmtudögum, byrjað kl. 13:00 og spilamennsku lokið á fimmta tímanum, svolítið breytilegt eftir því hve mörg spil eru spiluð (oftast 18 – 24 spil). Lengst af hefur verið spilaður tvímenningur svolítið þó af breytilegri sort en í vetur var tvisvar spiluð sveitakeppni þó á því formi að á sama degi spiluðu allar sveitir saman. Um þrjúleytið er dokað um stund og þá drukkið kaffi.

Þegar hætt er að vori er svolítið hátíðlegra kaffi í boði félagsins og smá verðlaun eru veitt fyrir ýmis afrek unnin við spilaborðið.

Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í spilamenskunni og þátttakendum fyrir veturinn bæði notaleg samskipti og góða skemmtun í þessum leik okkar við spilaborðin. Ég vil einnig hér færa þakklæti til starfsfólks á vakt hér í Bugðusíðu fyrir ágætt samstarf og góða þjónustu við okkur með kaffi og ýmislegt kvabb.

e) Skýrsla göngunefndar - flytjandi Kolbrún Kristjánsdóttir

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu göngunefndar.

Nefndina skipuðu, Kolbrún Kristjánsdóttir formaður, Hulda Eggertsdóttir, Karl Jörundsson og Aldís Björnsdóttir.

Kolbrún hefur s.l. 8-10 sumur haft umsjón með störfum göngunefndar, þ.e. aðallega gönguferðum í Kjarnaskógi. Hulda hefur verið hennar stoð og stytta en 2 konur aðrar hafa svo aðstoðað við talningu í bílunum.

Þriðjudagar hafa verið valdir sem göngudagar og óvissuferðir voru einnig farnar á þriðjudögum, tvær yfir sumarið, önnur austur en hin vestur.

Ferðir hófust oftast um 10. júní, eftir aðstæðum, þ.e. hvernig skógurinn kom undan vetri.

Fyrsti viðkomustaður rúttunnar (sætaferðir) var kl. 9:30 í Lindarsíðu, svo kl. 9:35 hjá Nesti (N1) við Hörgárbraut, Glerárhverfi, síðan kl. 9:40 hjá Sjallanum, kl. 9:45 í Víðilundi, kl. 9:50 í Kjarnagötu. Klukkan 11:00 var hópurninn svo sóttur í Kjarnaskóg. “Við göngum svo léttir í lundu” var göngulag hópsins og tekið hressilega undir.

Sætaferðir voru í fyrstu gjaldskyldar en eru nú ókeypis, þ.e. í boði EBAK, enda fordæmi úr öðrum félögum eldri borgara. Breytingin var samþykkt á stórnarfundum eftir skriflega umsókn Kolbrúnar. Auglýsingar í Dagskrá sáu Kolbrún og Hulda alfarið um.

Kolbrún: Ég ætla að nefna það hér og nú að við Hulda Eggerts. höfum látið af störfum að standa fyrir gönguklúbbnum. Gaman verður áfram en undir stjórn annarra. Óskum við þeim velfarnaðar. Við viljum þakka öllum sem störfuðu með okkur og gerðu okkur kleift að standa fyrir göngunni gegnum árin. Takk fyrir okkur.

f) Skýrsla fræðslunefndar – flytjandi Guðbjörg Bjarman.

Hér eru nefnd helstu atriði úr skýrslu fræðslunefndar.

Nefndina skipuðu, Guðbjörg Bjarman formaður, Guðmundur Ómar Guðmundsson gjaldkeri og Valgerður Jónsdóttir ritari. Verkaskipting að öðru leyti var þannig að Guðbjörg var tengiliður við stjórn félagsins, Guðmundur vann að hugmyndakassavinnunni og Valgerður útbjó auglýsingar og er í undirbúningi ráðstefnu. Allt var þetta unnið í góðri samvinnu innan hópsins. Mikil vinna fór í viðhorfskönnunina en nefndin átti einn fulltrúa í kassanefndinni.

Formlegir fundir fræðslunefndar voru mánaðarlega yfir veturinn og einnig var skipst á tölvupóstum. Eftirfarandi viðburðir fóru fram á vegum nefndarinnar:

Mars 2015: Jóhann Thorarensen ræddi um garðrækt. Gaf góð ráð í ræktun matjurta, fór yfir sáningar, uppeldi plantna, baráttuna við illgresið, geymsluaðferðir o.fl. Einnig sýndi hann ræktunarkassa (L115 cm,B82,H82 þar af fætur 30) fyrir ræktun matjurta uppi á svölum.

Apríl 2015: Bjarni Guðleifsson ræddi um undraheim smádyranna. Hvað ungur temur gamall nemur, 3ju bekkingar MA aðstoðuðu eldri borgara í notkun tölvutækja.

Formlegir fræðslufundir á vegum nefndarinnar voru ekki haldnir haustið 2015. .

Vorönn 2016. Ákveðið var að fræðast um skáld í Eyjafirði og fara síðan á slóðir þeirra að vori.

Janúar: Bjarni Guðleifsson flutti erindi um Jónas Hallgrímsson og lesin voru ljóð eftir hann.

Febrúar: Norðlenskir höfundar komu og lásu úr nýútgefnum bókum sínum en þeir voru Arnar Már Arngrímsson, Ingólfur Sverrisson og Hildur Hauksdóttir.

Febrúar: Stjórn félagsins ásamt fræðslunefnd stóðu fyrir félagsfundi um störf "Kassanefndar" Á fundinum voru helstu niðurstöður kynntar og umræður í þjóðfundarstíl fóru fram sem tókust vel.

Mars: Hjörtur Pálsson flutti erindi um Davíð Stefánsson og lesin voru ljóð eftir hann.

Mæting á fræðslufundi var á bilinu 40 - 90 manns. Samvinna við 3ju bekkinga í MA um kennslu á síma, spjaldtölvur og tölvur verður í apríl n.k. Unnið er að undirbúningi ráðstefnu Félags eldri borgara og Háskólans á Akureyri,en hún verður haldin 19. maí 2016 og ber heitið - Segðu já við lífið.

Spékoppar er leiklestrarhópur sem Saga Jónsdóttir leiðir og starfar undir fræðslunefnd. Spékoppar undirbjuggu dagskrá um Káin í janúar sem hópurinn fór með á Kristnesspítala og í Grenilund á Grenivík.

Á vörnámskeiði 2015 hjá Sögu var undirbúin dagskrá um konur og kosningarétt kvenna. Dagskráin var flutt þann 20. júní í Samkomuhúsinu á Akureyri. Haustið 2015 var unnið enn frekar með þessa dagskrá og farið með hana á eftirtalda staði: Hlíð, Víðilund, Lögmanshlíð, Bugðusíðu, Kristnesspítala, Grenilund á Grenivík, í Dalbæ á Dalvík og í Hornbrekku á Ólafsfirði.

g) Skýrsla uppstillinganefndar – flytjandi Svava Karlsdóttir.

Nefndina skipuðu Svava Karlsdóttir formaður, Hugrún Hólmsteinsdóttir, Rafn Gunnarsson, Sverrir Valdimarsson og Sævar Hallgrímsson. Rafn Gunnarsson gat því miður ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar á starfsárinu vegna veikinda. Ég vil nota tækifærið og þakka félögum mínum í nefndinni mjög gott samstarf og góða vinnu. Rafn Gunnarsson og Sverrir Valdimarsson ljúka störfum sínum í uppstillinganefnd að þessu sinni og er þeim þökkúð störf þeirra undanfarin ár í nefndinni.

Síðustu árin hefur eiginlegt starf uppstillinganefndar ekki hafist fyrir en eftir áramót. Samkvæmt þeirri venju hélt uppstillinganefnd sinn fyrsta fund á starfstímabilinu eftir áramótin 2015-16 þann 7. janúar.

Í allt voru haldnir 7 formlega boðaðir fundir til undirbúnings aðalfundar félagsins, en einnig fóru á milli okkar símtöl og tölvupóstar. Byrjað var eins og venjulega að kanna hve margir hefðu hug á að halda áfram störfum í stjórn og nefndum félagsins. Í ljós kom að töluverðar breytingar yrðu bæði í stjórn og nefndum, m.a. var ljóst að formaður félagsins ætlaði að hætta, einnig urðu þær breytingar að fjölgað var fólki í nokkrum nefndum. Var nú hafist handa um að fá fólk til starfa fyrir félagið. Auglýst var eftir starfskröftum í Dagskránni þann 28. janúar og aftur viku seinna. Ekki höfðu margir samband við okkur, en samt nokkrir og er nefndin þakklát þeim sem sýndu félagsstarfinu áhuga á þann hátt. Við tók svo að hafa samband við félagsmenn til að fylla í þau skörð sem myndast höfðu með brotthvarfi þeirra sem ekki héldu áfram.

Þegar upp er staðið gekk þetta þó harla vel og gátum við skilað listum til stjórnar félagsins hinn 10 mars. 2016 með tillögum uppstillinganefndarinnar fyrir kjör formanns, stjórnar og nefnda.

Í mars var lokið við gerð starfslýsingar fyrir uppstillinganefnd í samstarfi við stjórn Félags eldri borgara og er hún nú tilbúin til leiðbeiningar fyrir störf komandi nefnda og er það áreiðanlega til mikilla bóta.

Þar með lauk formlegu starfi uppstillinganefndar Félags eldri borgara á Akureyri starfsárið 2015 - 2016 og vil ég þakka Sigurði Hermannssyni formanni og öðrum í stjórn félagsins fyrir leiðsögn og stuðning í störfum nefndarinnar.

h) Kór eldri borgara – Í fínu formi – flytjandi Baldvin Bjarnason.

Kórinn “Í fínu formi”, sem telur nú um 53 söng/kórfélaga, er 30 ára um þessar mundir og hyggur af því tilefni á söngferðalag til Eistlands í apríl n.k. Um 45 félagar taka þátt í henni ásamt mökum og velunnurum. Stjórnandi er Petra Björk Pálsdóttir og undirleikari Valmar Völjaots, sem tekur með sér féлага sína, Hvanndalsbræður. Flogið verður beint héðan til Tallin. En að öllu jöfnu hafa vorferðir innanlands verið ýmist Borgarfjörður, Ísafjörður, Vestmannaeyjar, Austurland (Neskaupstaður, Egilsstaðir) o.fl. Vetrarstarfið hefur, skv. venju falist í æfingum 2 sinnum í viku, tónleikum, sungið við messur o.fl. Desembermánuður hefur verið hvað annasamastur.

Engar umræður urðu um skýrslur nefnda.

6. Mál – Lagabreytingar.

Stjórn félagsins lagði fram tillögu að lagabreytingum. Helstu breytingarnar snúa að kosningum í öldungaráð, en félagið á aðild að öldungaráði Akureyrarkaupstaðar, sem stofnað var á árinu 2015. Nokkrar aðrar breytingar voru gerðar á lögnum. Allar eftirtaldar breytingar merktar rauðar voru samþykktar samhljóða:

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk félagsins er að vinna að félags- og hagsmunamálum eldri borgara svo sem:

- g) með aðild að öldungaráði Akureyrarkaupstaðar.**

5. gr.

Stjórnskipan

- c) Sama aðalmann má aðeins kjósa samfellt í fjögur ár til setu í stjórn. Formaður félagsins getur þó setið í fjögur ár í því embætti þrátt fyrir að hann hafi verið í stjórn áður. Sama aðila má aðeins kjósa samfellt í fjögur ár í sömu fastanefnd en allir nefndarmenn eru kosnir árlega.
Stjórn félagsins getur með samþykki aðalfundar veitt undanþágu frá fjögurra ára reglunni hvað varðar setu aðila í stjórn og nefndum ef brýna nauðsyn ber til.
- e) **Þegar kosið er í stjórn, nefndir, öldungaráð, fulltrúa á landsfund LEB o.fl. skal leitast við að gæta kynjajafnréttis (kynjahlutfalls).**

6. gr.

Aðalfundur

- g) Kosningar skv. 5., 10., 11. og 12. gr. eftir því sem við á.**

9. gr.

Fastanefndir og aðrar nefndir

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
- b) Fræðslunefnd
- c) Kaffinefnd
- d) Skemmtinefnd
- e) Spilaneindir: Brides
Félagsvist
- f) Útivist og heilsurækt: Göngunefnd
- g) Uppstillinganefnd

10. gr.

Uppstillinganefnd

- a) Uppstillinganefnd er kosin árlega á aðalfundi félagsins. Annað árið er kosinn formaður og tveir meðstjórnendur og hitt árið tveir meðstjórnendur. Stjórn félagsins leggur fram tillögu á aðalfundi um aðila í nefndina. Einnig er félögum heimilt að tilnefna aðila.
- b) Hlutverk uppstillinganefndar er að leggja fram lista á aðalfundi um aðila í stjórn og fastanefndir félagsins. **Þá leggur nefndin fram tillögu um tvo skoðunarmenn reikninga félagsins í samráði við stjórn.**
- c) Nefndin skal auglýsa í fjölmiðlum og á heimasíðu félagsins ebak.is eftir fólki til starfa í stjórn og nefndum félagsins. Félagar geta einnig komið tilnefningum og/eða uppástungum um aðila í stjórn og nefndir á framfæri við nefndina. (framhald - lagabreytingar)
- d) Tillögur uppstillinganefndar um aðila í stjórn og nefndir félagsins skulu liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins og á heimasíðunni ebak.is minnst **tveimur vikum** fyrir aðalfund. **Tillögur um félag í stjórn og nefndir skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en viku frá því að uppstillinganefnd leggur tillögur sínar fram á opnunartíma skrifstofu og á heimasíðu félagsins.** Berist ekki tillögur um fleiri aðila en kjósa skal á aðalfundi þegar frestur til að skila inn tillögum er útrunninn teljast þeir sjálfkjörnir. Sami aðili getur aðeins verið fulltrúi í einni fastanefnd á sama tíma. Leitast skal við að ekki sé skipt um alla nefndarmenn á sama aðalfundi

11. gr.

Öldungaráð

- a) Félag eldri borgara á Akureyri kýs 3 fulltrúa og 1 til vara til setu í Öldungaráði samkvæmt samþykktum milli félagsins og Akureyrarkaupstaðar. Kosningin skal fara fram sama ár og bæjarstjórnarkosningar og skal lokið eigi síðar en á aðalfundi félagsins það ár. Kosningarétt og kjörgengi hafa skráðir félagar á kjördegi.
- b) Séu ekki fleiri í kjöri en kjósa skal, skoðast þeir sjálfkjörnir. Kjörtímabil fulltrúa félagsins er það sama og fulltrúa bæjarins þ.e. 4 ár. Sami aðili má ekki sitja lengur samfelld í öldungaráði en 8 ár.

- c) Stjórn félagsins skipar þriggja manna kjörnefnd, sbr. 12 gr., sem sér um undirbúning og framkvæmd á kosningu fulltrúa félagsins í öldungaráð. Nefndin starfar í samráði við stjórn sem setur henni starfslýsingu.

12. gr.

Kjörnefnd og stjórnarkjör

- a) Ef kjósa þarf í stjórn félagsins, nefndir **og/eða öldungaráð**, skal stjórn félagsins skipa þrjá menn í kjörnefnd til starfa **við viðkomandi kosningar** og setur henni formann.
- b) Kjörnefndin hefur umsjón með kosningum á aðalfundi **og í öldungaráð**, annast kynningu, talningu og aðra framkvæmd **samkvæmt lögum félagsins**.
- c) Kjör formanns **félagsins** fer þannig fram, að settur er kross við eitt nafn. Sé aðeins einn í framboði er hann sjálfkjörinn.
- d) Kjör annarra stjórnarmanna fer þannig fram, að settur er kross við nöfn þess fjölda sem kjósa skal, hvorki fleiri né færri og veldur ógildingu atkvæðis ef útaf er brugðið. Það sama gildir um kosningu fulltrúa í nefndir félagsins. Hlutkesti ræður ef atkvæði verða jöfn.
- e) Nöfnum á kjörseðli skal raðað í stafrófsröð og skal fyrsta nafnið valið með útdrætti.

13. gr.

Lagabreytingar

- a) Lögum félagsins verður aðeins breytt með tveim þriðju hlutum atkvæða á aðalfundi.
- b) Ef gera á tillögur um breytingar á lögum félagsins skal þess getið í fundarboði og skulu þær liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara.

14. gr.

Félagsslit

- a) Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið, skal boða til kynningarfundar um tillöguna með minnst einnar viku fyrirvara. Sérstakur félagsslitafundur tekur síðan lokaákvörðun og skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara og skal slitatillaga sæta sömu meðferð og tillaga um lagabreytingu sbr. 12. gr.
- b) Við félagsslit skulu eigur félagsins renna til einhverra almennra hagsmunamála eldri borgara sem félagsfundur ákveður.

Ofangreind lög voru samþykkt á aðalfundi félagsins 30. mars 2016 og öðlast þegar gildi.

7. Mál – kosningar í stjórn og nefndir o.fl.

Uppstillinganefnd félagsins lagði fram eftirfarandi lista yfir aðila sem hún leggur til að kosnir verði í stjórn og nefndir. Ekki bárust aðrar tillögur og var því sjálfkjörið.

Stjórn félagsins

Formaður - Haukur Halldórsson kosinn til tveggja ára 2016.

Aðalstjórn – kosin til tveggja ára 2016.

Margrét Pétursdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson og Dóra Steinunn Jónasdóttir.

Aðalstjórn – kosin til tveggja ára 2015.

Halldór Gunnarsson, Arnheiður Kristinsdóttir og Gestur Jónsson.

Varastjórn kosin til tveggja ára 2016.

Kolbrún Kristjánsdóttir og Hallgrímur Gíslason.

Varastjórn kosin til tveggja ára 2015. Aldís Björnsdóttir.

Nefndir félagsins - kosnar til eins árs 2016.

Skemmtinefnd

Birgir Sveinbjörnsson, Björg Dagbjartsdóttir, Páll Gíslason, Ásta Axelsdóttir, Erna Tulinius, Sveinn Sigurbjörnsson, Svava Karlsdóttir, Filippía Sigurjónsdóttir og Pétur Sigurðsson.

Spilanefndir

a) Félagsvist - Gunnar Jóhannsson, Helena Gunnarsdóttir, Ásta Þorsteinsdóttir, Magnús Kristinsson og Ragna Aðalsteinsdóttir.

b) Bridge - Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson.

Göngunefnd

Soffía Jónsdóttir, Júlíana Tryggvadóttir, Gylfi Guðmann, Jakob Jóhannesson og Unnur Þorsteinsdóttir.

Ferðanefnd

Hulda Eggertsdóttir, Karl Jörundsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Karl Steingrímsson, Hákon Hákonarson, Rafn Sveinsson og Ásgerður Snorradóttir.

Fræðslunefnd

Guðbjörg Bjarman, Valgerður Jónsdóttir, Hólmsfríður Guðmundsdóttir, Grétar G Ingvarsson og Stefán Vilhjálmsson.

Kaffinefnd

Vera Sigurðardóttir, Ingigerður Traustadóttir, Marta Gestsdóttir, Sigurlaug Guðvarðardóttir og Sigurveig G. Einarsdóttir.

Uppstillinganefnd - Tillaga stjórnar félagsins.

Kosin til tveggja ára á aðalfundi 2015.

Hildur Svava Karlsdóttir, formaður, Hugrún Hólmsteinsdóttir og Sævar Hallgrímsson.

Kosnir á aðalfundi 2016 til tveggja ára.

Baldur Þorsteinsson og Kolbeinn Sigurbjörnsson.

Skoðunarmenn reikninga félagsins - kosnir til eins árs - tillaga stjórnar.

Baldur Guðvinsson og Ásgerður Snorradóttir.

8. Mál – Árgjald félagsins 2017.

Stjórn félagsins lagði fram tillögu um að árgjald félagsins fyrir árið 2017 verði kr. 2.500 fyrir þá félagsmenn sem greiða með peningum eða í heimabanka, en kr. 2.800 fyrir þá sem greiða með greiðsluseðli. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða. Þetta er sama árgjald og var á árinu 2016.

9. Mál – Önnur mál.

- a) Sveinn Sigurbjörnsson lagði fram eftirfarandi ályktun sem 106 félagsmenn höfðu skrifað nöfn sín undir fyrir fundinn:

„Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 30. mars 2016 telur að aldraðir eigi að fá jafnmikla hækkun á lífeyri sínum frá almannatryggingum, eins og verkafólk hefur fengið á launum sínum árin 2015 og 2016.

Lágmarkslaun Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins hækkðu um 14.5% á síðasta ári og laun verkafólks hækkðu um 6.2% um síðustu áramót. Samtals um 20.7% en lífeyrir aldraðra og öryrkja aðeins um 12.7% á sama tíma. Lögum samkvæmt á lífeyrir aldraðra og öryrkja að hækka í samræmi við launaþróun.

Aðalfundurinn krefst þess að ríkisstjórnin leiðrétti lífeyri eldri borgara strax í samræmi við framangreindar launahækkanir verkafólks.“

Ályktun Sveins var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Stjórn félagsins tekur við henni kemur til réttra aðila.

Hjörleifur Hallgrímsson tók til máls og ræddi um léleg kjör eldri borgara.

b) Karl E Steingrímsson lagði fram eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 30. mars 2016 skorar á bæjaryfirvöld að skerða ekki stöðugildi né þá þjónustu sem félagið hefur haft í samningum við Akureyrarbæ.

Það er ekki boðlegt að á sama tíma og Akureyri auglýsir sig sem bæjarfélag með „öll lífsins gæði“ séu eldri borgarar settir skör lægra með fyrirhugaðri skertri þjónustu.“

Ályktun Karls var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Stjórn félagsins tekur við henni og kemur til rétttra aðila.

c) Stjórn félagsins lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, haldinn 30. mars 2016 samþykkir tillögu stjórnar félagsins um að veita Hollvinasamtökum Sjúkrahússins á Akureyri styrk að upphæð kr. 1.000.000 til kaupa á hlaupabretti, tölvubúnaði og öðrum þeim búnaði sem þarf til mælinga og skráningar á hjartalínuritum. Heildar búnaðurinn kostar um kr. 2.500.000 og munu Hollvinasamtökin greiða það sem á vantar. Búnaðurinn hefur þegar verið pantaður þar sem núverandi búnaður bilaði. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Í lok aðalfundarins bað fráfarandi formaður Sigurður Hermannsson um orðið. Hann óskaði nýkjörinni stjórn, nefndum félagsins og öðrum sem starfa fyrir félagið farsældar í störfum sínum fyrir félagið. Þá skilaði hann kveðju frá nýkjörnum formanni félagsins Hauki Halldórssyni sem staddur var erlendis. Að þessu mæltu þakkaði hann fundarmönnum góða fundarsetu, starfsmönnum fundarins fyrir þeirra mikilvæga framlag og sleit fundi.

Fundarritarar: Halldór Gunnarsson og Anna G. Thorarensen.